

EFTIRLITSSKÝRSLA

Efnamóttakan Reykjavík



Dags eftirlits	28.10.2013	Fulltrúi UST	Sigrún Guðmundsdóttir
Fyrirtæki	Efnamóttakan	Fulltrúi UST	
Heimili	Gufunesvegi	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6912982729	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Grétar Viðar Grétarsson	ÍSAT nr.	51.57.02
Fulltrúi fyrirtækis	Jón H. Steingrímsson	Staðsetning	363053,302 408634,682

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Frávik eru ekki staðfest en gerð er ein athugasemd er varðar geymslu spilliefna utandyra. Í starfsleyfi rekstraraðila er ekki gerð krafa um geymslu spilliefna innandyra eins og í nýrri starfsleyfum og eru spilliefni geymd í umtalsverðum mæli úti á malbikuðum plönnum. Til að koma í veg fyrir mengun er gerð krafa um að vatn (helst rigning) komist ekki að þeim og að þau ílát sem notuð eru undir spilliefni séu lekaheld. Þannig má koma í veg fyrir að spilliefni berist í umhverfi við venjulegar aðstæður.

UMFANG EFTIRLITS

Á fundi var farið almennt yfir starfsemi efnamóttökunnar sem og það helsta úr rekstri undangengið ár. Farið var yfir skráningar spilliefna (ákvæði 2.1 og 3.1 í starfsleyfi), fyrirkomulag og niðurstöðu mælinga á fráveituvatni síðustu ár (mælingar árið 2013 verða gerðar í nív. nk. /ákv.2.5 og 3.2) losunarmörk fyrir blý, hreinsibúnað (ákv.2.7), verklagsreglur (ákv.4.1) og eftirlitsskýrslu síðasta árs. Að lokum var athafnasvæði og skemmur fyrirtækisins skoðaðar. Þann 4.12.sl. var síðan haldinn samráðsfundur ásamt Ólöfu Vilbergsdóttur frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.

ATHUGASEMDIR

Staflar spilliefnakara stóðu á athafnasvæði rekstraraðila og voru nokkur karanna loklaus. Lágmarkskrafa um geymslu spilliefna undir berum himni er að þannig sé um þau búið, að komið sé í veg fyrir mengun (við venjulegar aðstæður). Starfsleyfishafi brást strax við og ætlar að sjá til þess héðan í frá að kór séu lokuð og lekaheld.

Reykjavík, 04.11.2013

Sigrún Guðmundsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.